



Alþingi
Erindi nr. P 140/876
komudagur 6.1.2012

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. janúar 2012

Efni: Þingsályktunartillaga um nýsköpunaráttak til að stórefla heilsársferðaþjónustu úti á landi, 37. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar og vilja taka eftirfarandi fram:

Jöfnun árstíðasveiflunnar og betri dreifing ferðamanna um landið eru stærstu verkefni í íslensku ferðaþjónustu í framtíðinni. Til þess að svo megi verða þarf að stóraka rannsóknir og vörubrúun auk þess sem tryggja þarf samstarf stjórnvalda og fyrirtækjanna til langtíma í markaðsmálum.. Bent er á þá staðreynd að ferðaþjónustan fær 0.5% af rannsóknarfé atvinnuveganna. Fyrsta skrefið er að koma þeim málum í betra horf.

Ef Alþingi er tilbúið að setja aukna fjármuni í að styrkja svæðið frá Húnavatnssýslum að Austfjörðum er því að sjálfsögðu fagnað og mun þá væntanlega koma í ljós hvort það leiðir til beins flugs inn á svæðið.

Mikilvægt er að þessi tillaga, sem og aðrar sem fjalla um ferðaþjónustu, styðji við ferðamálaáætlun stjórnvalda og verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ sem er líka samvinnuverkefni stjórnvalda og fyrirtækjanna í ferðaþjónustu.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri